

SÉREIGN LSR

Séreignarsparnaður – mikilvæg viðbót á efri árum

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er byggt upp á þremur meginstoðum. Almanna-tryggingar, skyldulífeyrissparnaður og séreignarsparnaður mynda þessar þrjár meginstoðir. Saman gefa þær góð lífeyrisréttindi ásamt því að vinna vel saman og skapa eina heild í uppbyggingu sparnaðar til notkunar eftir að starfsævinni lýkur. Það er því mikilvægt að taka þátt í séreignarsparnaði og spara aukalega í séreignarsjóð. Séreign LSR byggir á traustum grunni LSR og leggur áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar.

Séreignarsparnaður er frjáls einstaklingsbundinn lífeyrissparnaður. Hann er jafnframt bein launahækkun fyrir sjóðfélaga þar sem launagreiðanda ber að greiða kjarasamningsbundið mótframlag við framlag hans í séreignarsjóð. Séreignarsparnaður er jafnframt þægilegt sparnaðarform því launagreiðandi annast alla umsýslu. Sparnaðurinn er séreign hvers og eins, erfanlegur að fullu og ekki aðfararhæfur. Með séreignarsparnaði myndast skattalegt hagræði þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun og ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af inneign.

Mótframlag launagreiðanda, ásamt skattfrestun við innborgun gerir það að verkum að enginn annar sparnaður stenst samanburð við séreignarsparnað. Séreignarsparnaður er því einföld og hagkvæm leið til að auka við lífeyrissparnað og bæta þannig lífsgæði á efri árum.

Helstu kostir séreignarsparnaðar

- Kjarasamningsbundið mótframlag frá launagreiðanda.
- Skattalegt hagræði myndast þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun.
- Fjármagnstekjuskattur er ekki greiddur.
- Sparnaðurinn er séreign sem erfist.
- Úttekt getur hafist við 60 ára aldur og eru útborgunarreglur sveigjanlegar.
- Þægilegt sparnaðarform því launagreiðandi sér um alla umsýslu.
- Meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárum.




Ávöxtun og eignir

	Leið I	Leið II	Leið III
Nafnávöxtun 2015	8,7%	7,6%	4,3%
Hrein raunávöxtun 2015	6,5%	5,4%	2,2%
3ja ára nafnávöxtun*	9,1%	8,0%	4,4%
5 ára nafnávöxtun*	9,2%	8,9%	5,6%
Eignir í lok desember (m.kr.)	6.343,4	1.318,6	5.689,6

Núverandi vextir Leiðar III eru 2,12%


* Ávöxtun yfir lengra tímabil en 12 mánuði er sett fram sem ávöxtun pr. ár.

Gengisþróun




Eignasamsetning

Leið I




- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

Leið II



- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

Leið III



- Innlán

Fjárfestingarstefna

	Leið I Stefna	Frávik		Leið II Stefna	Frávik		Leið III Stefna
Innlán	5%	0%	15%	5%	0%	15%	100%
Skuldabréf	42%	20%	70%	60%	30%	90%	
Ríkistryggð bréf	35%	10%	60%	50%	20%	70%	
Önnur innlend skuldabréf	7%	0%	30%	10%	0%	30%	
Hlutabréf	50%	20%	60%	32%	10%	40%	
Innlend hlutabréf	15%	0%	20%	7%	0%	15%	
Erlend hlutabréf	35%	20%	50%	25%	10%	40%	
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	3%	0%	10%	3%	0%	10%	
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%	1%	0%	0%	1%	

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir Séreignar LSR eru á vef LSR www.lsr.is